

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 442/2014****2017/EES/24/30****frá 30. apríl 2014****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar beiðnir um færslu á skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi í tengslum við innflutning á lífrænum vörum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾ er mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi málsmeðferð fyrir viðurkenningu á þriðju löndum að því er varðar jafngildi í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 2) Í ályktunum sínum um lífrænan búskap frá 3237. fundi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðsins 13. og 14. maí 2013 hvatti ráð Evrópusambandsins framkvæmdastjórnina til að bæta núgildandi fyrirkomulag til þess að greiða fyrir alþjóðaviðskiptum með lífrænar afurðir og krefjast gagnkvæmni og gagnsæis í viðskiptasamningum.
- 3) Yfirstandandi endurskoðun á lagamma um lífræna framleiðslugeirann hefur leitt í ljós ágalla á núgildandi kerfi um viðurkenningu þriðju landa að því er varðar jafngildi. Flestum þeim samþykktum um jafngildi, sem framkvæmdastjórnin og þriðju lönd hafa undirritað, hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins beitt einhliða sem hefur ekki stuðlað að því að ýta undir jöfn samkeppnisskilyrði. Í ljós kom að jafngildisviðurkenningum gagnvart þriðju löndum ætti að koma á með alþjóðasamningum. Því ætti að breyta núgildandi kerfi um viðurkenningu þriðju landa að því er varðar jafngildi, sem byggir á jafngildissamþykktum, í kerfi sem byggir á jafnvægum alþjóðasamningum með það fyrir augum að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum, gagnsæi og réttarvissu.
- 4) Til þess að auðvelda umskiptin yfir í nýtt kerfi viðurkenningar sem byggir á alþjóðasamningum er rétt að innleiða lokadagsetningu vegna móttöku nýrra beiðna um færslu á skrána sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og sett fram í III. viðauka við þá reglugerð. Beiðnir sem tekið er við eftir þann dag skulu ekki teknar til greina.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar hvort bæta skuli þriðja landi á skrána, sem kveðið er á um í 7. gr., að móttækinni beiðni um færslu á skrána frá fulltrúa viðkomandi þriðja lands, að því tilskildu að slík beiðni sé lögð fram fyrir 1. júlí 2014.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
